



Stigamót ÍPS – Verklagsreglur fyrir árið 2021

Almennt

Stigamót ÍPS eru 12 talsins á árinu 2021 og spilast á 3 helgum yfir árið. Spiluð eru 2 stigamót á laugardegi og 2 mót á sunnudegi.

Stigamót 1-4: 17-18 apríl – Pílukastfélag Reykjavíkur

Stigamót 5-8: 4-5 sept – Píludeild Þórs

Stigamót 9-12: 6-7 nóv – Pílufélag Reykjanesbæjar

Hæfi

Allir spilarar þurfa að vera félagsmenn í einu af aðildarfélögum ÍPS til að geta tekið þátt í stigamótum ÍPS. Að vera félagsmaður þýðir að hafa greitt félagsgjald síns félags fyrir það ár sem Stigamótin eiga sér stað og að félagið hafi greitt félagsgjald vegna meðlima sinna til ÍPS.

Aðildarfélögin eru:

Pílukastfélag Reykjavíkur (PFR)

Pílufélag Reykjanesbæjar (PR)

Píludeild Þórs (PP)

Pílufélag Grindavíkur (PG)

Pílufélag Akraness (PA)

Pílukastfélag Fjarðabyggðar (PFF)

Pílukastfélag Hafnarfjarðar (PFH)

Pílukastfélag Kópavogsbæjar (Gosar)

Píluklúbbur Austurlands (PKA)

Allir spilarar sem taka þátt í Stigamótum samþykkja að fara eftir regluverki ÍPS varðandi mót á vegum sambandsins sem og öðrum reglum sem sambandið setur.

Stigagjöf

Spilarar vinna sér inn stig á stigamótum og er stigagjöf háttað á eftirfarandi hátt í karla og kvennaflokki:

1.sæti – 28 stig

2. sæti – 21 stig

3-4. sæti – 15 stig

5-8. sæti – 10 stig

9-16. sæti – 6 stig

17. og neðar – 3 stig

Stig þessi mynda stígalista ÍPS en listinn er notaður við röðun í flest mót á vegum ÍPS. Stígalistinn er 12 mánaða rúllandi listi og inniheldur Stigamótin 12, RIG, og Íslandsmót 501.

Landslið

Stígalisti ÍPS er notaður til að velja landslið karla og kvenna sem keppa fyrir Íslands hönd á þeim mótum sem haldin eru af WDF og eru það Norðurlandamót (WDF Nordic Cup), Heimsmeistaramót (WDF World Cup) og Evrópumót (WDF Europe Cup).

Norðurlandamót: Efstu 8 karlar og efstu 4 konur

Heimsmeistaramót: Efstu 4 karlar og efstu 4 konur

Evrópumót: Efstu 4 karlar og efstu 4 konur

Flestum landsliðsverkefnum hefur verið frestað vegna COVID. Heimsmeistaramótið er þó á áætlun í lok september og ef það mót verður haldið munu 4 bestu af eftirfarandi 6 mótum gilda við val á landsliði Íslands, RIG, Stigamót 1-4 og Íslandsmót 501.

Ef spilarari hefur unnið sér rétt til að keppa fyrir hönd Íslands en gefur ekki kost á sér verður farið neðar í stigalistann þangað til að búið er að fullmanna landsliðin.

Röðun

Raðað er í öll Stigamót ÍPS skv stigalista sambandsins. Ef tveir eða fleiri spilarar eru jafnir að stigum er skoðaður árangur úr síðasta stigamóti og síðan farið eitt mót aftur í tímann þangað til að rétt röðun fæst. Ef leikmenn eru ennþá jafnir eftir að öll mót hafa verið skoðuð er farið eftir meðaltali úr seinasta stigamóti.

Raðaðir spilarar eru í eftirfarandi röð:

Efri helmingur: 1-8-4-5


Neðri helmingur: 2-7-3-6

Fyrirkomulag

Allir leikir eru einfaldur inn, tvöfaldur út 501, best af 9 leggjum í karla- og kvennaflokki. Sá spilarari sem er fyrir ofan í útslætti skal byrja að kasta í miðjuna til að ákvarða hvor byrjar leik. Þegar kastað er gildir einungis rauð og græn miðja. Spilarari skal kasta einni pílu og taka hana úr spjaldinu áður en hinn spilarinn kastar sinni pílu. Ef pílan dettur úr spjaldinu telst hún ógild og má sami spilarari kasta annarri pílu þangað til að ein píla telur. Ef báðir spilarar hitta í sama reit skulu þeir kasta aftur í öfugri röð.

Öll stigamót skulu spilast á þann hátt að þeir spilarar sem tapa sínum leik skrifa næsta leik á sama spjalddi. Gefnar verða að lágmarki 10 mínútur fyrir þá skrifara sem eiga að spila strax eftir skrift. ÍPS mun kappkosta við að hafa á staðnum skrifara til að skrifa fyrir spilara sem vilja ekki skrifa en kostnaður við að láta skrifa fyrir sig verður 1.000kr. fyrir hvern leik og þarf að greiðast áður en skrifari byrjar að skrifa nema samkomulag sé á milli spilara um greiðslu.

Aftasti spilarar (merktur með rauðu x-i) í hverjum fjórðung skal skrifa fyrsta leik í fyrstu umferð, sjá mynd:



Annað

Neiti spilarar að skrifa eða lætur sig hverfa áður en hann hefur lokið við skrift getur ÍPS gefið áminningu eða bannað spilara að taka þátt í mótum á vegum sambandsins í framtíðinni. Allar ákvarðanir verða teknar fyrir á stjórnarfundum sambandsins og úrskurður gefinn út á heimasíðu sambandsins www.dart.is.

Brjóti spilarar reglur sambandsins á Stigamótum eða öðrum mótum á vegum sambandsins eða hegðar sér á þann hátt að stjórn ÍPS telji að framkoman skaði íþróttina á einn eða annan hátt getur sambandið gefið viðkomandi spilara áminningu sem fyrnist eftir 6 mánuði. Ef sami spilarar fær aðra áminningu á sama tímabili fer hann sjálfkrafa í 6 mánaða keppnisbann frá öllum mótum á vegum sambandsins og fær ekki að taka þátt í landsliðsverkefnum á tímabilinu sem spilarinn er í keppnisbanni þótt viðkomandi hafi unnið sér rétt til að keppa í gegnum stigalista sambandsins.

Sambandið áskilur sér rétt til þess að setja keppendur beint í keppnisbann og fer lengd banns eftir eðli brots en þó aldrei lengur en 1 ár. Sambandið áskilur sér einnig rétt til að setja keppendur í lyfjapróf á kostnað sambandsins ef grunur leikur á um notkun ólöglegra efna.